

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

95/EES/12/01 Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Íslands..... 01

95/EES/12/02 Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Noregs..... 01

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/12/03 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.577 - GE/Power Controls B.V.)..... 02

95/EES/12/04 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.560 - EDS/Lufthansa).... 03

95/EES/12/05 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins..... 04

95/EES/12/06 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um gerð skráar yfir sæðingarstöðvar sem eru viðurkenndar til að flytja út sæði húsdýra af svínakyni frá tilteknum þriðju löndum til bandalagsins..... 04

95/EES/12/07 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 1995 um aðra breytingu á ákvörðun 93/507/EBE um verndarráðstafanir vegna Venesúlaheilabólgu í hrossum í Mexíkó..... 04

95/EES/12/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 94/621/EB um verndarráðstafanir varðandi tiltekin lifandi dýr og dýraafurðir sem eru upprunnar í eða koma frá Albaníu.....	05
95/EES/12/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Albaníu.....	05
95/EES/12/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1995 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til ákveðinna svæða innan bandalagsins.....	05
95/EES/12/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.554 - Dalgety/The Quaker Oats Company).....	06
95/EES/12/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.561 - Securicor Datatrak).....	06
95/EES/12/13	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 varðandi mál nr. IV/35.006 - ETSI Interim IPR Policy.....	06
95/EES/12/14	Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	07
95/EES/12/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 45/94 - Spánn.....	07
95/EES/12/16	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 20. 3. til 31. 3. 1995.....	08
95/EES/12/17	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	10

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

### Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Íslands 95/EES/12/01

Í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns<sup>(1)</sup>, sbr. 26. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn, hefur Ísland sent fastanefnd EFTA-ríkjanna skrá yfir ölkelduvatn, sem viðurkennt er sem slíkt, til birtingar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Skráin er sem hér segir:

Viðskiptaheiti	Heiti ölkeldunnar	Staðarheiti þar sem ölkeldan er hagnýtt
SWC-Keflavík	Gjá í Lágum	Lágar Grindavík

### Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Noregs 95/EES/12/02

Í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns<sup>(1)</sup>, sbr. 26. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn, hefur Noregur sent fastanefnd EFTA-ríkjanna skrá yfir ölkelduvatn, sem viðurkennt er sem slíkt, til birtingar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Skráin er sem hér segir:

Viðskiptaheiti	Heiti ölkeldunnar	Staðarheiti þar sem ölkeldan er hagnýtt
Farris Osa Mineral Water	Kong Olavs Kilde Hjadelane	Konegata 2, Larvik Gnr 37, Bnr 2 I OSA Ulvik i Hardanger
Olden	Blåfjellsilden	UTM-coordinate 840 393 i Oldedalen

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.577 - GE/Power Controls B.V.)

95/EES/12/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem General Electric Co. (GE) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Power Controls B.V. með kaupum á hlutabréfum sem voru áður í eigu General Electric Co., plc. (GEC).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - General Electric Co. (GE): ýmis konar viðskipti á sviði iðnaðar, svo sem í tengslum við rafmagnstæki til heimilisnota, flugvélahreyfla, fjármagnsþjónustu, ljósavörur og plastvörur, dreifingu raforku, eftirlitsbúnað og margt fleira,
  - Power Controls B.V.: lágspennurafmagnsbúnaður til heimilisnota, svo og til nota í iðnaði og viðskiptum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 86, 8. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.577 - General Electric/Power Controls B.V., og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**95/EES/12/04****Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.560 - EDS/Lufthansa)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið EDS Holding GmbH („EDS“) sem tilheyrir the General Motors Corporation öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Lufthansa Systems Gesellschaft mit beschränkter Haftung („Lufthansa System GmbH“) nýstofnuðu dótturfyrirtæki Deutsche Lufthansa AG („Lufthansa“). Lufthansa System GmbH mun veita tæknilega upplýsingaþjónustu sem er sérstaklega sniðin að þörfum flugfélaga og annarra fyrirtækja á sviði ferðamála.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - EDS: kerfisstjórnun og kerfisþróun, ráðgjafarþjónusta,
  - Lufthansa: flutningar í lofti og tengd svið.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 91, 12. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.560 - EDS/Lufthansa, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um 95/EES/12/05 breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins í Stjtið. EB nr. L nr. 73, 1. 4. 1995. Í þriðja hluta viðaukans við ákvörðun 92/452/EBE bætast við eftirfarandi nýir starfshópar sem annast töku fósturvísa:

94 OH 77 E 7	Select Embryos Inc. 11555 US 42 Plain City, Ohio	Dr. Ronald F. Rhode
94 MN 076 E 608	Trans Ova Genetics RR1, Box 144A Sioux Centre, Iowa	Dr. Doug K. Lain
94 WI 078 E 845	Dairyland Veterinary Service S.C. 310 Main Street Casco, Wisconsin	Dr. Michael Staudinger

(sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um 95/EES/12/06 gerð skráar yfir sæðingarstöðvar sem eru viðurkenndar til að flytja út sæði húsdýra af svínakyni frá tilteknum þriðju löndum til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1995 um gerð skráar yfir sæðingarstöðvar sem eru viðurkenndar til að flytja út sæði húsdýra af svínakyni frá tilteknum þriðju löndum til bandalagsins í Stjtið. EB nr. L 73, 1. 4. 1995. Sæðingarstöðvarnar sem eru taldar upp í viðauka við ákvörðunina eru viðurkenndar til að flytja út sæði húsdýra af svínakyni til bandalagsins (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 1995 um 95/EES/12/07 aðra breytingu á ákvörðun 93/507/EBE um verndarráðstafanir vegna Venesúelaheilabólgu í hrossum í Mexíkó**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 1995 um aðra breytingu á ákvörðun 93/507/EBE um verndarráðstafanir vegna Venesúelaheilabólgu í hrossum í Mexíkó í Stjtið. EB nr. L 76, 5.4. 1995. Í stað 2. gr. í ákvörðun 93/507/EBE komi eftirfarandi:

„2. gr.

Þó skulu aðildarríkin heimila:

- að skráð hross séu flutt inn aftur eftir tímabundinn útflutning til stórborgarsvæðisins Monterrey;
- tímabundinn innflutning á skráðum hrossum frá stórborgarsvæðinu Monterrey.“ (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um 95/EES/12/08  
breytingu á ákvörðun 94/621/EB um verndarráðstafanir  
varðandi tiltekin lifandi dýr og dýraafurðir sem eru upprunnar  
í eða koma frá Albaníu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 94/621/EB um verndarráðstafanir varðandi tiltekin lifandi dýr og dýraafurðir sem eru upprunnar í eða koma frá Albaníu í Stjttíð. EB nr. L 70, 30.3. 1995. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 94/621/EB:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Aðildarríkin skulu banna innflutning á tvískelja lindýrum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, í hvaða formi sem er, svo og lifandi fiski og skelfiski, sem fluttur er í vatni, og eru upprunnin í eða koma frá Albaníu.“

2. Ákvæði 3. gr. falla niður (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um 95/EES/12/09  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru  
upprunnar í Albaníu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Albaníu í Stjttíð. EB nr. L 70, 30.3. 1995. Í ákvörðuninni er ráðuneytisdeildin Directory of Veterinary Services of the Ministry of Agriculture and Food (DVSMAF) viðurkennd sem það yfirvald í Albaníu sem bært er til að sannreyna og votta að fisk- og fiskeldisafurðir séu í samræmi við kröfurnar í tilskipun 91/493/EBE (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1995 um 95/EES/12/10  
viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum  
sem á að senda til ákveðinna svæða innan bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 1995 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til ákveðinna svæða innan bandalagsins í Stjttíð. EB nr. L 79, 7.4. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um skilyrðin, sem nautgripir sem nota á til kynbóta eða eldis og koma frá öðru aðildarríki eða hlutum þess og senda á til Austurríkis eða Svíþjóðar, verða að uppfylla. Skilyrðin gilda ekki um kynbætur eða eldi nautgripa sem koma frá héruðum sem talin eru upp í viðauka við ákvörðun 93/42/EBE (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.554 - Dalgety/The Quaker Oats Company)**

95/EES/12/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.561 - Securicor Datatrak)**

95/EES/12/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins  
nr. 17 varðandi mál nr. IV/35.006 - ETSI Interim IPR Policy**

95/EES/12/13

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins gagnvart ETSI Interim IPR Policy. Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu („ETSI“) sendi framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins 22. febrúar 1994 beiðni um að mótmælum yrði ekki hreyft og/eða undanþágu samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins vegna ETSI Interim Intellectual Property Rights („IPR“) Policy og fyrirtækisins ETSI Intellectual Property Rights („fyrirtækið“) sem samþykkt var á 15. aðalfundi ETSI 18. mars 1993. Í kjölfar atkvæðagreiðslu aðila að ETSI var ákveðið að hætta við fyrirtækið. Síðar breytti ETSI auglýsingunni á þann veg að allar tilvísanir til fyrirtækisins voru felldar niður. Þessi auglýsing varðar því eingöngu Interim IPR Policy í endurskoðaðri mynd (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 76, 28. 3. 1995).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



Framkvæmdastjórnin gefur öllum þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við sig innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar í framannefndum Stjórn. EB, undir tilvísunarnúmeri IV/35.006 - ETSI Interim IPR Policy, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate for Restrictive Practices, Abuse of Dominant Positions and  
other Distortions of Competition I  
200 Rue de la Loi  
1049 Brussel

**Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. 95/EES/12/14**  
**EB-sáttmálans**  
**Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýsku aðstoðina til að hvetja til rannsókna á flutningum á landi, ríkisaðstoð nr. N 175A/94 (sjá nánari útlistun í Stjórn. EB nr. C 62, 11. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýsku aðstoðina til að hvetja til rannsókna LMF, ríkisaðstoð nr. N 554/94 (sjá nánari útlistun í Stjórn. EB nr. C 62, 11. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað hollensku aðstoðina til að hvetja til rannsókna á ýmsum sviðum rafeindatekni, „Projects Philips“, ríkisaðstoð nr. N 531/94 (sjá nánari útlistun í Stjórn. EB nr. C 62, 11. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað frönsku aðstoðaráætlunina um ráðstafanir til að efla og bæta ferðamannaþjónustu í Réunion, ríkisaðstoð nr. N 708/94 (sjá nánari útlistun í Stjórn. EB nr. C 62, 11. 3. 1995).

**Ríkisaðstoð nr. C 45/94 - Spánn 95/EES/12/15**

Framkvæmdastjórnin hefur að hluta til hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem spænska ríkisstjórnin hefur boðið Construcciones Aeronauticas, S.A. (CASA) vegna þróunar á loftfari til svæðisbundinnar notkunar (skrúfuþota) CASA-3000, (sjá nánari útlistun í Stjórn. EB nr. C 63, 14. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin gefur hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum kost á að senda athugasemdir sínar varðandi umræddar ráðstafanir innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjórn. EB til:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spánn.

## Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 20. 3. til 31. 3. 1995

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(95) 55	CB-CO-95-066-EN-C <sup>(1)</sup>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um félagslegar og efnahagslegar viðbótarráðstafanir í tengslum við ráðstafanir varðandi endurskipulagningu á sviði fiskveiða  Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3699/93 um viðmið og fyrirkomulag varðandi skipulagsaðstoð bandalagsins á sviði fiskveiða og fiskeldis og vinnslu og markaðssetningu fisk- og fiskeldisafurða	20.3.1995	22.3.1995	12
COM(95) 70	CB-CO-95-085-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um fimmtu breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1866/86 um tilteknar tæknilegar ráðstafanir varðandi verndun fiskveiðiauðlinda í Eystrasalti, Beltunum og Eyarsundi	17.3.1995	22.3.1995	17
COM(95) 84	CB-CO-95-097-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3362/94 um leyfilegan heildarafla, hvað varðar tiltekna fiskistofna og hópa fiskistofna, fyrir árið 1995, og við hvaða skilyrði er heimilt að veiða úr þeim	22.3.1995	23.3.1995	18
COM(95) 39	CB-CO-95-046-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um stöðlu á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni (skýrsla fyrir árin 1992-1993)	23.3.1995	28.3.1995	21
COM(95) 90	CB-CO-95-103-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um forgangsverkefni á sviði æskulýðsmála (starfsskýrsla fyrir árið 1993)	27.3.1995	28.3.1995	27
COM(95) 101	CB-CO-95-111-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um tilteknar ráðstafanir, árið 1995, varðandi verndun og stjórnun fiskveiðiauðlinda sem gilda um skip sem sigla undir norskum fána	29.3.1995	30.3.1995	13
COM(95) 102	CB-CO-95-112-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3365/94 um úthlutun tiltekins veiðikvóta til aðildarríkjanna, árið 1995, fyrir fiskiskip sem veiða á hafsvæðum sem tilheyra Færeyjum	29.3.1995	30.3.1995	6
COM(95) 103	CB-CO-95-113-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun tiltekins veiðikvóta til aðildarríkjanna, árið 1995, fyrir fiskiskip í norskri efnahagslögsögu og á fiskimiðunum í kringum Jan Mayen	29.3.1995	30.3.1995	7
COM(95) 104	CB-CO-95-114-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3363/94 frá 20. desember 1994 um úthlutun veiðikvóta bandalagsins, árið 1995, á hafsvæðum sem tilheyra Grænlandi	29.3.1995	30.3.1995	8

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(95) 105	CB-CO-95-115-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3364/94 um tilteknar ráðstafanir, árið 1995, varðandi verndun og stjórnun fiskveiðiauðlinda sem gilda um skip sem sigla undir færeyskum fána	29.3.1995	30.3.1995	6
COM(95) 106	CB-CO-95-116-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um stöðu mála og horfur vegna sameiginlegs veiðifyrirkomulags í Miðjarðarhafi	29.3.1995	30.3.1995	18
COM(94) 572	CB-CO-94-635-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að auðvelda lögfræðingum að leggja stund á starfsgrein sína til langframa í öðru aðildarríki en því þar sem þeir hlutu menntun sína	21.12.1994	30.3.1995	26
COM(94) 689	CB-CO-95-030-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu reglna um frjálstan aðgang að netinu (OPN) gagnvart talsíma	1.2.1995	31.3.1995	40
COM(95) 124	CB-CO-95-132-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að gera árið 1996 að ári símenntunar í Evrópu	31.3.1995	31.3.1995	26

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/12/17

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0050-UK	Ráðuneytisstaðall BD 12-9X um hönnun niðurgrafinna mannvirkja úr bárustáli með mest átta metra spennivídd (þar með taldir bogar) Tilvísun samgönguráðuneytisins: EP 042-94-EC	15.5.1995
95-0051-S	Reglugerðir innlends eftirlits með kemískum efnun varðandi undanþágu frá banninu í tilskipun (1991:1289) um tiltekin klóruð leysiefni	15.5.1995
95-0052-F	SP-DGPT-ATAS-22, desemberútgáfa 1994: tæknileg reglugerð um fjarskiptabúnað í grunnnetinu og notendabúnað fyrir radiógagnarásir sem eru fráteknaðar fyrir gagnaflutning (3RD)	18.5.1995
95-0053-D	Tæknileg viðbótarsamningsskilyrði og leiðbeiningar fyrir undirlag sem notað er við vegagerð, útgáfa frá 1995 (ZTVT-STB 95)	15.5.1995
95-0054-DK	Lög um eftirlit með vinnu með eðalmálma og aðra málma	15.5.1995
95-0055-F	Úrskurður til viðbótar fyrirmæluum sem gefin voru út 23. nóvember 1987 um öryggi skipa, hluti 215: íveruhæfi	15.5.1995
95-0056-F	Fyrirmæli um geymslutanka fyrir annan vökva en vín, alkóhól eða mjólk	15.5.1995
95-0057-F	Úrskurður um að koma í veg fyrir hættu á flogaveiki vegna notkunar myndbandaleikja	16.5.1995
95-0058-UK	Breyttar reglugerðir frá 1995 um sláturúrgang úr nautgripum (bann) (Skotland)	Áríðandi
95-0059-E	Drög að konunglegum úrskurði um samþykkt tæknilegra viðbótarleiðbeininga MI-IP 04, fastur búnaður fyrir smásöluðreifingu og sölu til almennings á eldsneyti og brennsluolíu	23.5.1995

<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.